

## D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 29. nóvember 2012 í máli nr. S-272/2012:

### Ákærvaldið

*(Hulda Elsa Björgvinsdóttir saksóknari)*

**gegn**

**M**

*(Magnús Björn Brynjólfsson hrl.)*

### I

Málið, sem dómtekið var 2. nóvember síðastliðinn, var höfðað með ákæru ríkissaksóknara, útgefinni 13. apríl 2012 á hendur „M, fyrir eftirfarandi kynferðisbrot:

### I.

Gegn A, með því að hafa á tímabilinu 1998 – 2002, á heimili sínu að [...] með ólögumatri nauðung haft samræði og önnur kynferðismök við A er hún var 12-15 ára og tekið af henni kynferðislegar myndir, en ákærði notfærði sér yfirburðarstöðu sína gagnvart A vegna aldurs og reynslu og fékk hana til kynmakanna með peningagreiðslum. Brotin voru sem hér greinir:

1. Í a.m.k. 5 skipti látið A fróa sér með því að láta hana nudda getnaðarlim sinn.
2. Í a.m.k. 10 skipti látið A hafa við sig munnmök.
3. Skömmu fyrir 13 eða 14 ára afmælisdag hennar haft við hana samræði.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, áður 195. gr. sömu laga, og 1. mgr. 202. gr. sömu laga til 20. ágúst 2000, en eftir það við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga, áður 195. gr. sömu laga, og 3. mgr. 202. gr. sömu laga, áður 2. mgr. 202. gr. sömu laga.

## II.

Gegn B, með því að hafa á tímabilinu 1997 – 2010 á heimili sínu að [...], og þar í kjallara í sama húsi, í bifreiðum sem hann hafði til umráða, og á víðavangi, með ólögmati nauðung ítrekað látið B hafa við sig munnmök og haft munnmök við hann er B var 5-7 ára og frá þeim tíma og til 18 ára aldurs ítrekað og stundum oft í viku látið B hafa við sig munnmök og haft munnmök og endaparmsmök við B og að auki í nokkur skipti tekið kynferðislegar ljós- og hreyfimyndir af B, en ákærði notfærði sér yfirburðarstöðu sína gagnvart B vegna aldurs og reynslu og að honum hafði verið trúað fyrir B sem dvaldi mikið á heimili ákærða ennfremur sem hann fékk B til kynmaka með peningagreiðslum, gjöfum og áfengi er hann komst á unglingsár.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr., áður 195. gr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. mgr. 201. gr. og 1. mgr. 202. gr. til 4. október 2006 en eftir það við 1. mgr. 194. gr., áður 195. gr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. mgr. 201. gr. og 3. mgr. 202. gr. sömu laga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar. Einnig til að sæta upptöku samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga á Ace borðtölvu og einum skrifanlegum DVD diskum sem haldlagt var á heimili hans við húsleit þann 15. nóvember 2010.

### *Einkaréttarkröfur:*

Af hálfu A er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða henni miskabætur að fjárhæð kr. 1.600.000 auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 1.1.2001 þar til mánuður er liðinn frá því að bótakrafa þessi er birt en með dráttarvöxtum skv. 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Einnig er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Af hálfu B er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða honum miskabætur að fjárhæð kr. 4.500.000 auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 1. nóvember 2010 og þar til mánuður er liðinn frá birtingardegi bótakröfu þessarar, en með dráttarvöxtum, skv. 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Einnig er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun. Gerð er krafa um að dráttarvextir leggist við höfuðstól miskabóta á 12 mánaða fresti í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxta í samræmi við 12. gr. laga nr.

Ákærvaldið féll frá upptökukröfunni við upphaf málflutnings.

Ákærði neitar sök og krefst sýknu. Þess er krafist að sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun, verði greiddur úr ríkissjóði. Ákærði krefst þess að skaðabótakröfunum verði vísað frá dómi, en til vara að þær verði lækkaðar.

## II

Upphaf málsins má rekja til þess að þriðjudaginn 9. nóvember 2010 kom móðir síðargreinds brotþola á lögreglustöð og lagði fram kæru á hendur ákærða vegna kynferðisbrota gagnvart syni sínum. Hún kvað son sinn hafa farið í meðferð í byrjun mánaðarins, en hann hefði misnotað áfengi og fíkniefni undanfarin ár. Hann hefði hringt í sig og sagst þurfa að tala við hana. Í samtali þeirra mæðginanna hefði komið fram hjá honum að ákærði hefði misnotað hann kynferðislega. Nokkrum dögum síðar var brotþoli yfirheyrður af lögreglu og skýrði þar frá þeim atvikum sem II. kafla ákærunnar er byggður á. Við yfirheyrslu yfir brotþolanum kom fram að hann taldi ákærða einnig hafa misnotað brotþolann, sem er fyrrgreindur í ákærinni. Brotþolinn var yfirheyrður og skýrði frá atvikum sem I. kafla ákærunnar er byggður á. Auk brotþola voru allmörg vitni yfirheyrð. Ákærði var handtekinn og yfirheyrður, en hann neitaði sök. Hann var úrskurðaður í gæsluvarðhald 16. nóvember 2010 og sat í því til 26. sama mánaðar. Lögreglan lagði hald á einn DVD disk með 4 skráum sem læstar voru með dulkóðunarkerfi. Ekki tókst að opna þessar skrár. Þá var og haldlögð tölvan, sem í ákæru greinir, en ekki tókst heldur að opna læst svæði í henni. Var það þó reynt með lykilorðum sem ákærði hafði gefið lögreglunni upp.

Brotþolar hafa báðir gengið til sálfræðinga sem hafa gefið vottorð um líðan þeirra. Í vottorði vegna fyrri brotþola, sem dagsett er 1. júní 2012, segir að hún hafi komið í viðtöl fjórum sinnum á árinu 2011 og einu sinni 2012. Haft er eftir brotþola að allt hennar líf hafi mótast af meintu kynferðisofbeldi allt frá því að það hófst. Þetta komi fram í slakri sjálfsmynd, erfiðleikum við að treysta fólki og tengjast því tilfinningalega, þar með talið að verða ástfangin. Þegar brotþoli kom fyrst til sálfræðingsins var hún með mjög alvarlegan kvíða sem hamlaði henni í öllu daglegu lífi, svo og töluverð þunglyndiseinkenni. Það var mat sálfræðingsins að brotþoli væri nú óvinnufær vegna kvíða og muni langur tími líða þar til hún geti farið út á vinnumarkaðinn. Þá segir í vottorðinu að meint kynferðisofbeldi hafi haft áhrif á þróun kvíðasjúkdómsins. Sálfræðingnum fannst frásögn brotþola trúverðug, „bæði vegna þess að samræmi er í frásögn hennar yfir langt tímabil og einnig að lýsing hennar af afleiðingum ofbeldisins eru sambærilegar við lýsingar margra annarra fórnarlamba kynferðisofbeldis sem undirrituð hefur talað við á margra ára tímabili. Það er ljóst að afleiðingar kynferðisofbeldisins eru miklar og þörf á langvarandi stuðningi og meðferð vegna þess.“

Í vottorði sálfræðings um síðari brotaþola segir að hann hafi komið í 8 viðtöl frá því í nóvember 2011 þar til í maí 2012. Hann hafi verið til meðferðar á geðdeild og í vímuefnamedferð. Auk greiningarmats hafi honum verið veittur sálrænn stuðningur og unnið að því að styrkja bjargráð hans til að takast á við streitu og vanlíðan sem hann hafi upplifað í kjölfar meintrar misnotkunar. Allt viðmót brotaþola bendi til þess að hann hafi endurtekið upplifað mikla lífsógn, ofsaotta og bjargarleysi þegar meint misnotkun átti sér stað. Niðurstöður endurtekings greiningarmats sýni að hann þjáist af alvarlegri áfallastreituröskun í kjölfar meintrar misnotkunar og alvarlegs vímuefnavanda. Auk þess þjáist hann af almennum kvíða tengdum skynjun á líkama sínum. „Sálræn einkenni hans í kjölfar endurtekinnna áfalla samsvara einkennum sem eru þekkt hjá fólki sem hefur upplifað alvarleg áföll eins og líkamsárás, nauðgun, stórslys eða hamfarir. Þá ber einnig að hafa í huga að þau bjargráð“ sem brotaþoli hafi notað til að takast á við meinta misnotkun eru vel þekkt hjá börnum og unglíngum sem hafa orðið fyrir endurtekinni misnotkun. Sálfræðingurinn telur „ljóst að atburðurinn hefur haft viðtæk og langvarandi áhrif á hann. Niðurstöður sjálfsmatskvarða samsvara vel frásögnum hans í viðtölum. Hann virðist ávallt hreinskilinn, trúverðugur og samkvæmur sjálfum sér.“ Þá segir að brotaþola hafi reynst erfitt að halda sér fá vímuefnum utan verndaðs umhverfis. „Þá hefur honum einnig reynst erfitt að takast á við einkenni áfallastreituröskunar, þá sérstaklega að draga úr forðunarhegðun og takast á við ágengar síendurteknar minningar um meinta misnotkun og sterkar neikvæðar tilfinningar sem hann upplifir í kjölfar meintrar misnotkunar.“ Í lokin segir að meðferð brotaþola sé á frumstigi og ekki hægt að segja til um hversu langan tíma hún taki, en hún miði að því að auka bjargráð hans og halda honum frá vímuefnum.

### III

Í þessum kafla verður rakið það sem fram kom við aðalmeðferð málsins. Ákærði ítrekaði neitun sína. Hann kvað brotaþola í fyrri kafla ákæru vera systurdóttur eiginkonu sinnar. Hann kvaðst hafa kynnst henni 1998, en á því ári hefði hann fengið hana til að gæta sonar síns vegna veikinda eiginkonunnar. Ákærði kvaðst telja brotaþola hafa gætt drengsins í um tíu skipti og hefði hún ekki fengið greitt fyrir það í fyrstu en svo hefði það breyst. Þá kvað ákærði eiginkonu sína hafa verið mjög veika á þessum tíma og þess vegna hefði brotaþoli verið mikið á heimilinu. Undir ákærða var borið það sem brotaþoli ber á hann og í ákæru greinir. Ákærði neitaði þessu alfarið og eins að hafa greitt brotaþola fé nema fyrir að gæta sonar síns en það hafi ekki verið háar fjárhæðir, 500 krónur í hvert skipti. Hann neitaði einnig alfarið að hafa gefið henni 18.000 krónur sem hún hafi notað í afmælisveislu sína. Ákærði benti á að brotið hefði verið gegn brotaþola á þessum tíma af öðrum manni og hefði hann verið dæmdur fyrir það. Eins hefði stjúpi hennar beitt hana ofbeldi. Þá kvaðst hann hafa heyrt frá móður brotaþola að á árunum 2002 og 2003 hefði brotaþoli verið í „tómu rugli“ eins og hann orðaði það, en hann hefði ekki orðið var við það. Ákærði kannaðist við að hafa lánað brotaþola peninga og hefði það byrjað þegar hún byrjaði með barnsföður sínum. Hann hefði margsinnis lánað henni og honum peninga og hefðu þau oftast greitt til baka. Ákærði lýsti samskiptum sínum við þau vegna peningalána og annars sem miðaði að því að koma fótunum undir þau fjárhagslega, en ekki er ástæða til að rekja það

frekar. Þó er rétt að geta þess að ákærði kvað brotþola hafa hótad sér því á árinu 2005 að ef hann ekki lánaði þeim peninga myndi hún kæra hann fyrir að hafa misnotað sig. Hann kvað son sinn hafa orðið vitni að þessu. Ákærði kvaðst hafa sagt brotþola og kærasta hennar að þau skyldu þá bara kæra sig. Skömmu síðar hefði brotþoli hringt og beðið sig afsökunar. Í framhaldinu hefði hann hætt að lána þeim en þó hefði hann greitt upp lán sem hann var ábyrgðarmaður á. Ákærði neitaði alfarið að hafa tekið kynferðislegar myndir af brotþola.

Varðandi brotþola í síðari lið ákærunnar neitaði ákærði einnig sök. Hann kvaðst muna fyrst eftir brotþola 1999, en hann hóf skólagöngu ásamt syni sínum haustið 1998. Ákærði kvað brotþola hafa verið opinn og skemmtilegan strák og hefði sér strax líkað vel við hann. Hann kvaðst ekki muna eftir því að brotþoli hefði verið meira á heimilinu en aðrir krakkar. Upp úr árunum 1999 til 2000 hefði brotþoli farið að vera meira á heimili ákærða og gista þar. Þetta hefði verið í tengslum við vináttu hans og sonar ákærða. Þeir hefðu verið miklir vinir og hefði brotþoli sóst eftir að fá að gista á heimili ákærða. Þá kvaðst ákærði minnst þess að brotþoli hefði verið hjá þeim um jólin 2007 og hefði það verið vegna aðstæðna á heimili brotþola, meðal annars deilna foreldra hans um hann, en þau hefðu verið skilin og móðirin hefði kynnst nýjum manni. Móðirin hefði spurt hvort brotþoli mætti vera hjá þeim um jólin. Þá kvaðst ákærði minnst þess að móðir brotþola hefði einu sinni beðið sig um að sækja hann til föður síns og hefði hann gert það, enda hefði brotþoli ekki viljað vera hjá föður sínum. Þetta hefði verið á árinu 2004. Almennt kvað ákærði heimili sitt hafa verið eins og annað heimili brotþola. Hann hefði gengið þar út og inn að vild, borðað þar, farið í sturtu, auk annars. Hann hefði meðal annars átt þar tannbursta. Þessi mikli umgangur hefði hafist á árinu 2006. Árið eftir kvaðst ákærði hafa komist að því að brotþoli væri farinn að neyta kannabisefna og hefði hann þá gert honum grein fyrir að ef hann hætti því ekki mætti hann ekki koma oftar á heimilið. Þá kvaðst ákærða hafa vitað um áfengisneyslu brotþola á þessum tíma og vita til þess að hann fór í meðferðir vegna þess. Á þessum tíma minnkuðu samskipti sonar ákærða við brotþola. Brotþoli og hann hefðu hins vegar haldið áfram samskiptum og meðal annars hefði brotþoli hjálpað sér á árunum 2008 og 2009 við að endurnýja íbúð sína og fengið greitt fyrir það um eitt hundrað þúsund krónur hvort ár. Þá kvaðst ákærði hafa ætlað að bjóða brotþola til útlanda með fjölskyldunni, en ekkert hefði orðið úr því þegar brotþoli kærði hann. Þá kvaðst ákærði hafa lánað brotþola peninga skömmu áður en hann var kærður. Ákærði kvað brotþola hafa kært sig til að fá skaðabætur og eins hefði hann fundið skýringar á vandræðum sínum í meintri kynferðislegri misnotkun ákærða. Ákærði neitaði alfarið að hafa tekið kynferðislegar myndir af brotþola, en hann hefði tekið myndir af honum berum að ofan. Ætlaði brotþoli að setja myndirnar á netið þegar hann hafi verið að kynnst stúlku. Þá kvaðst ákærði geta opnað öll lokuð svæði í tölvu sinni. Ákærði kannaðist við að hafa farið í ökutúra með brotþola og eins að hann hefði komið með sér í geymslu í kjallara íbúðar sinnar.

Brotþoli, sem um getur í fyrri lið ákæru, bar að hún hafi verið 12 ára þegar ákærði hafi fyrst misnotað sig. Hún hefði verið á heimili hans þegar hún hefði komið að honum að horfa á klámmynd og fróa sér. Þau hefðu farið að ræða saman um að hún ætti að gera eitthvað fyrir hann og hefði umræðurnar leitt til þess að hún hefði fróað honum. Síðan hefði hún gert þetta aftur í nokkur skipti en síðan farið að veita ákærða munnmök. Í eitt skipti hefði hann svo haft samfarir við sig. Þessu hefði svo lokið þegar hún varð 15 ára. Brotþoli kvaðst ekki muna nákvæmlega

hversu oft hún hefði fróað ákærða en taldi það hafa verið oftar en 5 sinnum og oftar en 10 sinnum eins og hún orðaði það. Hún kvaðst ekki hafa tölu á þeim skiptum sem hún veitti ákærða munnmök en taldi þau hafa verið fleiri en 10 en kvaðst ekki muna hvernig þau byrjuðu. Eftir að munnmökin hófust hefði hún hætt að fróa honum, enda hefði hann þá bara viljað munnmökin. Hún kvað ákærða einnig hafa beðið sig um að leyfa sér að hafa við sig endaparmsmök en það hefði hún aldrei viljað. Brotapoli kvað ákærða einnig oft hafa spurt sig hvort hún vildi hafa við sig samfarir, en hún hafi ekki viljað það fyrr en hún hafði misst meydóminn 13 eða 14 ára gömul. Eftir það kvað hún það hafa verið auðveldara fyrir sig að leyfa ákærða að hafa við sig samfarir. Hún kvað sig hafa vantað peninga til að halda upp á afmæli sitt og ákveðið að hafa samfarir við ákærða og hefði hann greitt henni 18 til 20 þúsund krónur. Fyrir þessa fjárhæð hefði hún leigt límósínu og boðið félögum sínum út að borða. Þetta var rétt fyrir 14 ára afmæli hennar. Þá kvað hún ákærða hafa greitt sér fyrir í öll skiptin sem hún hafði mök við hann, svona 5 til 10 þúsund krónur í hvert skipti.

Brotapoli kvaðst hafa verið mikið á heimili ákærða, enda væri eiginkona hans móðursystir sín. Hún kvaðst hins vegar aldrei hafa gætt sonar ákærða. Á þessum tíma hefði hún búið hjá móður sinni, en ákærði oft sótt sig. Hann hefði verið mjög duglegur að aka henni ef hana vantaði far. Brotapoli kvaðst hins vegar ekki geta skýrt af hverju hún hefði sótt í að vera á heimili ákærða eftir að kynferðisleg samskipti þeirra hófust, en tók fram að ákærði hefði borgað sér. Stundum þegar hana vantaði pening hefði hún farið til hans. Þá tók hún fram að hún og ákærði hefðu verið ein á heimilinu þegar þetta gerðist. Ákærði sendi eiginkonu sína að heiman þegar þetta stóð til. Þá bar brotapolu að ákærði hefði tekið myndir af sér nakinni þegar hún var 12 ára og kvaðst hún hafa séð þessar myndir í tölvu ákærða. Hún kvað ákærða hafa sagt að enginn, ekki einu sinni lögregla í útlöndum, gæti komist í þessar myndir.

Brotapoli kvaðst engum hafa sagt frá þessu á þessum tíma en síðar hefði hún sagt vinkonu sinni, sem jafnframt er frænka hennar, frá þessu. Hún hefði líka sagt henni frá kynferðislegri misnotkun ákærða á stjúpssyni hans. Hún kvaðst einu sinni hafa séð ákærða hafa endaparmsmök við stjúpsoninn. Ekki mundi hún hvenær þetta var en drengurinn hafi ekki verið orðinn kynþroska. Hún kvaðst hafa kynnst barnsföður sínum þegar hún var 15 ára og þá hefði þessum afskiptum ákærða af henni lokið. Hún kvaðst hafa sagt barnsföðurnum frá misnotkun ákærða en þó ekki í smáatriðum. Hjá brotapolu kom fram að hún hefði haldið áfram að veita ákærða munnmök eftir að hann hafði haft við hana samfarir eins og að framan sagði. Hún kvaðst ekki eingöngu hafa fengið peninga hjá ákærða fyrir kynmök heldur hefði hún leitað til hans þegar hana vantaði peninga og þá fengið þá án þess að eiga við hann mök í staðinn. Eftir að kynferðislegum samskiptum þeirra lauk kvaðst hún oft hafa leitað til ákærða og hann lánað henni peninga. Eins hefði ákærði skrifað upp á lán fyrir sig og barnsföður sinn sem þá var orðinn sambýlismaður hennar.

Brotapoli kvaðst hafa leitað til sálfræðings út af ofsakvíða sem hrjai hana, en hún kvaðst ekki hafa getað kært ákærða. Henni hefði fundist að hún væri að gera móðursystur sinni, eiginkonu ákærða, illt með því en hún hafi verið veik. Brotapola var bent á að lögreglu hefði borist nafnlaus tilkynning um misnotkun ákærða 2003 en hún kvaðst ekkert um hana hafa vitað. Þá kvaðst hún þjást af þunglyndi. Hún kvaðst rekja kvíðann til misnotkunarinnar og eins lélega sjálfsmynd sína. Hún kvaðst vera atvinnulaus í dag og vera í endurhæfingu vegna framangreinds

sjúkuleika. Hún kvaðst hins vegar ekki eiga við vímuefnavanda að etja.

Brotapoli kvaðst hafa þekkt brotapolann, sem síðari ákæruliður fjallar um, enda hefði hann verið mikið á heimilinu. Hún kvaðst þó engin samskipti hafa átt við hann og þau hefðu þar af leiðandi aldrei rætt um þessa hluti. Brotapoli kvað sig þó hafa grunað að ákærði væri að misnota hinn brotapolann, enda hefði mynstrið á samskiptum ákærða við hann verið það sama og á samskiptum hans við hana. Ákærði hefði verið að aka honum, gefa honum peninga og annað þess háttar. Þá kvaðst hún einu sinni hafa svarað síma á heimili ákærða og þá hefði hinn brotapolinn verið að hringja og spyrja um ákærða en ekki son hans. Eftir að lögreglan hafði tekið skýrslu af sér og hinum brotapolanum kvaðst hún þó hafa haft samband við hann á fésbókinni og sagst vera stolt af því sem hann hafði gert. Loks kvaðst brotapoli einu sinni hafa gist á heimili ákærða eftir að hún skildi við sambýlismann sinn. Þá hefði sonur hennar gist þar, enda hefði þá eiginkona ákærða verið að gæta hans. Hún kvaðst aldrei hafa hótad ákærða að kæra hann ef hann léti hana ekki hafa peninga. Hún hefði hins vegar minnt hann stundum á hvað hann hefði gert og hann þá spurð hvað hann hefði gert henni. Hún kvaðst þó hafa litið svo á að hún gæti leitað til hans eftir það sem hann hafði gert henni. Þá kannaðist hún við að hafa í símtali 2005 minnt hann á samskipti þeirra en það hafi ekki verið í sambandi við beiðni hennar um peninga. Brotapoli kvaðst einnig hafa verið misnotuð af öðrum manni sem hefði verið dæmdur fyrir það, en það hefði ekki verið líkt því eins gróft og misnotkun ákærða. Hún var spurð hvort hún hefði séð einhverja missmíð á líkama ákærða, áverka eða eitthvað slíkt, og kannaðist hún ekki við það.

Brotapoli kom aftur fyrir dóm við lok aðalmeðferðar. Hún var spurð hvort ákærði hefði rætt við hana um að hún mætti ekki segja frá þessu og sagði hún að hann hefði sagt að ef hún segði frá þessu myndi hann drepa sig. Hún mundi ekki hvenær hann hefði sagt þetta en þau hefðu verið í bíl og það hefði verið á þeim tíma sem á brotunum stóð.

Brotapoli, sem um getur í síðari lið ákæru, bar að hann hefði kynnst syni ákærða í gegnum bróður sinn og þeir orðið vinir. Þeir séu jafnaldrar og hafi orðið bestu vinir. Brotapoli kvaðst hafa farið að gista heima hjá ákærða þegar hann var 5 eða 6 ára gamall. Hann kvað ákærða hafa farið að vekja sig á nóttunni og sýnt sér myndir og farið að láta hann „gera hluti“ eins og hann orðaði það. Hann hafi ekki gert sér grein fyrir hvað þetta var en talið sig elska ákærða. Nánar spurður um hvað ákærði hefði gert kvaðst brotapoli ekki almennilega muna eftir hvað gerðist í fyrstu skipti þegar ákærði vakti hann, en skömmu síðar hafi ákærði byrjað að misnota sig kynferðislega með því að láta sig hafa við sig munnmök. Þá kvaðst hann heldur ekki muna almennilega hvað hann var gamall þegar þetta byrjaði, en þetta hafi þróast hratt og ákærði hefði farið að láta hann hafa peninga. Brotapoli kvaðst hafa farið að taka þátt í þessu með ákærða og hefði það staðið í mörg ár. Hann kvaðst vera alveg viss um að þetta hafi hafist þegar hann var 5 eða 6 ára. Alltaf hafi verið um sömu athafnir að ræða, það er gagnkvæm munnmök, en í fyrstu hefði hann ekki viljað láta ákærða „fikta“ í rassinum á sér. Hann kvaðst þó ekki vera viss um að ákærði hefði sogið liminn á sér í upphafi. Brotapoli bar að þetta hefði gerst heima hjá ákærða þegar eiginkona hans var ekki heima. Brotapoli kvað mökin hafa átt sér stað á heimili ákærða, bæði í hjónaherberginu og í geymslu, eins á vinnustað hans þegar þar var lokað. Eins hefði þetta gerst í bíl ákærða. Þá kvað hann ákærða hafa, þegar hann var 5, 6 eða 7 ára, eitthvað hafa átt við endaparminn á sér en

framburður hans um það var frekar óljós.

Brotapoli kvað þessum samskiptum þeirra hafa lokið skömmu eftir að hann varð 18 ára. Þá bar brotapolinn um það að kynferðisleg misnotkun ákærða hefði hætt á tilteknu tímabili frá því að hann var 10 ára og þar til hann var 14 ára. Hann var þó ekki alveg viss um þetta og bar að það hefði eins getað verið frá því hann var 11 ára eða 12 ára, en hléið hefði varað til þess að hann varð 14 ára. Eftir að brotapolinn varð 14 kvaðst hann hafa farið að reykja kannabísefni og þurft peninga til að fjármagna neysluna. Brotapoli kvaðst hafa sagt ákærða þegar hann var 12 ára, að því er hann taldi, að hann vildi þetta ekki lengur, en byrjað aftur 14 ára til að fá peninga fyrir kannabísefnum. Hann kvaðst einnig hafa fengið peninga fyrir þetta þegar hann var yngri. Eftir að hann varð 14 ára kvaðst hann hafa fengið 5000 krónur fyrir munnmök og 10.000 krónur fyrir endaparmsmök. Hann kvað ákærða þó ekki hafa fengið að „ríða sér eitthvað fast“ eins og hann orðaði það, heldur hafi hann orðið að gera það varlega, enda hafi sér alltaf hafa þótt þetta vont. Brotapoli var spurður hvort hann hefði séð einhverja missmíð á líkama ákærða, áverka eða eitthvað slíkt, og kannaðist hann ekki við það.

Brotapoli kvað sér lengi hafa liðið illa og jafnvel verið farinn að hugsa um að fyrirfara sér. Hann kvað síðustu samskipti sín og ákærða hafa verið í bíl skömmu eftir að hann varð 18 ára. Eftir það hefði hann farið inn á Vog og brotnað þar saman. Hann hefði hringt í móður sína og sagt henni allt af léttu. Þá kvað brotapolinn það hafa haldið aftur af sér með að segja frá þessu að ákærði hefði hótad að fyrirfara sér ef hann gerði það. Brotapoli kvaðst hafa tekið þetta alvarlega og það hefði haldið aftur af honum, enda hefði hann talið sig elska ákærða. Þá kvaðst hann vita til þess að ákærði hefði misnotað stjúpson sinn. Hann kvað ákærða hafa tekið klámfengnar myndir af sér og væru þær í tölvu hans. Ákærði hefði sagt sér að engin leið væri að komast í þessar myndir. Þá kannaðist brotapolinn við að ákærði hefði tekið af sér myndir til að setja á netið og hefði hann verið ber að ofan. Hann kvaðst einnig hafa séð myndir af stjúpyni ákærða en var ekki viss um að hafa séð myndir af hinum brotapolanum.

Brotapoli kvað misnotkun ákærða á sér hafa stundum verið tvisvar í viku og stundum tvisvar í mánuði. Svona hefði þetta verið á báðum tímabilunum. Hann kvað þetta hafa gerst mjög oft og hefði hann ekki tölu á því, en á tímabilinu frá 16 til 18 ára hefði það gerst mjög oft, enda hefði hann þá þurft peninga til að kaupa efni. Þá kvað brotapolinn ákærða hafa sagt við sig undir lokin að þeir yrðu að fara að hætta þessu, hann væri að verða fullorðinn og kominn með hár á rassinn og ákærða fyndist hann ekki „sexí“ lengur. Brotapoli kvaðst hafa farið oft í meðferð við fíkniefnaneyslu frá því að hann var 14 ára, en aldrei gert sér grein fyrir vandamáli sínu fyrr en hann horfðist í augu við misnotkunina. Hann kvaðst aðeins kannast við hinn brotapolann sem systurdóttur eiginkonu ákærða, en þau hefðu ekki rætt þessi mál. Hann kvaðst ekki kannast við að sonur ákærða hefði sagt sér að hinn brotapolinn hefði hótad að kæra ákærða.

Brotapoli kvaðst nú vera á geðdeild. Hann væri búinn að vera í viðtölum við sálfræðing og sæi nú líf sitt í öðru ljósi. Hann gerði sér grein fyrir hversu miklu tjóni misnotkun ákærða hefði valdið sér.

Stjúpsonur ákærða bar að hafa búið á heimili ákærða þar til í mars á þessu ári. Hann kvaðst aldrei hafa orðið var við að ákærði hefði brotið gegn brotapolinum.

Þá kvaðst hann ekki hafa séð kynferðislegar myndir af þeim í vörslum ákærða. Hann kvað ákærða ekki hafa misnotað sig og hann hefði ekki tekið af sér kynferðislegar myndir. Framburður brotaþola var borinn undir hann og ítrekaði hann að ekkert af þessu hefði gerst. Brotaþolar hefðu hins vegar verið mikið á heimilinu og eins kvaðst hann minnst þess að fyrri brotaþoli hefði gætt sonar ákærða. Eins hefði ákærði og eiginkona hans gætt barna hennar.

Sonur ákærða bar að síðari brotaþoli væri æskuvinur sinn og hefðu þeir kynnst árið 1998 þegar þeir byrjuðu í skóla. Brotaþoli hefði mjög snemma farið að gista á heimili sínu og verið heimagangur þar. Hann kvað aldrei neitt hafa komið upp á í vináttu þeirra fyrr en brotaþoli fór að neyta áfengis og fíkniefna á unglingsárunum, en sér hefði ekki fallið það. Brotaþoli hefði þó haldið áfram að koma á heimilið, enda verið vinur allra þar. Sonurinn kvaðst aldrei hafa orðið var við að ákærði væri að brjóta gegn brotaþola. Þá kvað hann fyrri brotaþola einnig hafa oft komið á heimilið og hefði hún oft gætt sín og þau þá verið ein heima. Hann kvaðst ekki hafa orðið var við neitt óeðlilegt varðandi hana en hún hefði hringt í ákærða 2005 og beðið um lán. Þegar ákærði neitaði hefði hún hótað að kæra hann, en hann kvaðst aðeins vita óljóst um það. Hann hefði sagt síðari brotaþola frá þessu sumarið 2010. Sonurinn bar um góð samskipti sín við ákærða og eins um góð samskipti ákærða við stjúpson sinn. Hann kvaðst aldrei hafa orðið var við kynferðislega misnotkun ákærða. Hann kannaðist við að síðari brotaþoli hefði fengið peninga hjá ákærða.

Eiginkona ákærða skoraðist undan því að bera vitni.

Móðir fyrri brotaþola bar að hún hefði einu sinni rætt við sig um meint kynferðisbrot ákærða og hefði hún þá verið um það bil 16 ára. Fyrst hefði hún sagt barnsföður sínum frá þessu. Hún hefði sagt sér að ákærði hefði misnotað sig en ekki farið nánar út í smáatriði. Móðirin kvað sér hafa brugðið og rætt við mann sinn en ekki við ákærða eða eiginkonu hans, sem er systir hennar. Þá kannaðist hún við að brotaþoli hefði haldið upp á afmæli sitt með því að leigja límósínu og hefði ákærði borgað hana. Þetta kvaðst hún fyrst hafa vitað þegar brotaþoli sagði henni frá misnotkuninni. Móðirin var spurð um ástand brotaþola þegar meint misnotkun átti að hafa átt sér stað og kvaðst hún engin merki hafa borið um vanlíðan. Henni hefði gengið vel í skóla og verið dugleg. Um 15 ára aldur hefði hins vegar komið ljós að hún var haldin ofsakvíða og henni liði illa. Hins vegar kvaðst hún ekki hafa talið að brotaþoli hefði verið í „tómu rugli“. Þá hefði brotaþoli ekki gætt barns ákærða og konu hans. Þau hefðu hins vegar gætt barna hennar en það væri langt síðan.

Eiginmaður móðurinnar og stjúpfaðir fyrri brotaþola bar að hann hefði á unglingsárum brotaþola veitt eftirtekt breytingum á henni sem hann hefði talið stafa af þroskabreytingum á unglingsárum. En þetta hefðu verið mjög miklar breytingar. Brotaþoli hefði breyst úr því að vera mjög þæg í að vera ódæl. Hins vegar kvað hann brotaþola ekki hafa opnað sig mikið og í raun lokast gagnvart sér. Þá hefði brotaþoli farið að neyta efna án þess að hann gæti lýst því frekar, en hún hefði farið í meðferð. Þetta hafi verið þegar brotaþoli hafi verið 13 til 14 ára. Í framhaldinu hefði hún kynnst barnsföður sínum og þá hefði komist jafnvægi á líf hennar. Hann kvaðst ekki hafa haft mikil samskipti við heimili ákærða og ekki vita um samskipti brotaþola við það.

Fyrrum sambýlismaður og barnsfaðir fyrri brotþola bar að hafa búið með henni frá 2002 til 2009. Hann kvaðst hafa kynnst ákærða í gegnum fjölskyldu brotþola og fundist undarlegt hvað brotþoli átti greiðan aðgang að honum og átti auðvelt með að fá peninga hjá honum þegar henni hentaði. Hann kvaðst hafa spurt brotþola hvernig á þessu stæði og fengið óljós svör í ýmsum útgáfum. Hann kvaðst ekki vera áreiðanlegt vitni, enda hefði brotþoli í raun ekki sagt sér annað en að einhvern tíma hefði átt sér stað kynferðisleg áreitni. Hann kvaðst ekki geta skýrt þetta nánar að öðru leyti en því að þetta hafi gerst þegar hún var 12 til 14 ára. Hann kvað sig hafa grunað að ekki væri allt með felldu og spurt brotþola hvort hún hefði orðið fyrir kynferðisbroti sem tengdist ákærða. Brotþoli hefði sagt sér þetta skömmu eftir að þau byrjuðu að vera saman og það með að hún vildi gleyma þessu og má úr minni sínu. Hún hefði verið með kvíðaröskun og loks fengist til að leita til sálfræðings þótt hann gæti ekki fullyrt að það tengdist ætlaðri kynferðislegri misnotkun. Hann kvaðst hafa verið mikið á heimili ákærða og þar hefði ekkert „undarlegt verið í gangi“ eins og hann orðaði það. Fjölskyldan hefði virst alveg eðlileg. Þá kvað hann ákærða hafa skrifað upp á lán fyrir þau að hans beiðni.

Móðir síðari brotþola bar að 5. nóvember 2010 hefði brotþoli hringt í sig frá meðferðarstofnun. Hann hefði sagt að hann þyrfti að koma heim og tala við sig. Hún kvaðst hafa sagt að það gengi ekki, hann yrði að klára meðferðina. Þá hefði hann sagt „mamma, ég þarf að segja þér svolítið“ og hún kvaðst hafa spurt hvort það mætti ekki bíða en hann hafi neitað því og viljað tala við hana strax. Síðan sagði hann við hana „mamma, ég hef verið misnotaður“ og hefði það komið henni algerlega á óvart, en hún hefði tengt það við neyslu brotþola. Brotþoli hefði svo farið að tala um að hann hefði verið misnotaður frá því hann var lítill. Móðirin kvaðst hafa fengið að koma og tala við brotþola og það fyrsta sem hún hefði spurt hann hefði verið hvort það væri ákærði sem um væri að ræða og hefði hann játað því. Síðan hefði brotþoli sagt að þetta væri mjög alvarlegt en þetta hefði verið í fyrsta skipti sem hún hefði fengið að vita um þetta.

Móðir brotþola kvað hann fyrst hafa farið að koma á heimili ákærða þegar hann hóf grunnskólanám. Hún kvaðst minnst þess að ákærði hefði fylgt brotþola heim og hvað sér hefði fundist það almennilegt af honum. Þetta hefði gerst þegar brotþoli var mjög lítill. Hann hefði alltaf verið mikið á heimili ákærða en sonur ákærða hefði ekki verið mikið á heimili brotþola. Þar hefðu verið eldri og fyrirferðameiri strákar og þeir því haft meira næði heima hjá ákærða. Eins hefði sér fundist að ákærði veitti brotþola stuðning og þar ætti hann bakhjarl, enda hefði faðir brotþola ekki verið til staðar fyrir syni sína. Hún kvaðst hafa hugsað hvað brotþoli væri heppinn að njóta stuðnings ákærða. Brotþoli hefði gist á heimili ákærða og kvaðst hún hafa átt mikil samskipti við ákærða og sér hefði ekki dottið í hug að eitthvað misjafnt væri að eiga sér þar stað. Þegar brotþoli og sonur ákærða hættu að vera daglegir félagar hefðu samskipti brotþola og fjölskyldu ákærða haldið áfram. Ákærði og brotþoli hefðu gert ýmislegt saman eins og að fara í sund og bíó og eins farið á skyndibitastaði. Kvaðst hún hafa talið að ákærði væri að styðja við brotþola vegna aðstæðna á heimili hans. Hún kvaðst ekki hafa haft minnstu hugmynd um hvað gengi raunverulega á í samskiptum ákærða og brotþola. Hún kvaðst hafa verið ein með syni sína og í kringum þau hafi ekki verið sterkt net, það er fólk sem var í samskiptum við þau.

Hún kvaðst hafa vitað til þess að brotaþoli var byrjaður að nota kannabis um 15 ára aldur. Um svipað leyti hefði hann verið á geðdeild. Hún kvaðst ekki hafa gert sér grein fyrir hversu mikil neyslan væri en vitað að brotaþola leið illa. Honum hefði liðið illa í skóla en hún kvaðst ekki hafa tekið eftir að honum liðið illa heima. Eftir á kvaðst hún halda að vanlíðan brotaþola vegna misnotkunarinnar hafi komið fram í skólanum en ekki á heimilinu. Þá kom fram hjá henni að brotaþola hefði ekki liðið illa í leikskóla. Hann hefði einnig þjáðst af átröskun og gengið til sálfræðings vegna þess. Þá hefði hann verið í nokkur ár ofurnæmur á líkama sinn og hefði hann fundið ýmislegt að honum og sumt hefði ekki getað staðist, eins og til dæmis að hann hefði brotnað. Það hefði verið tekin af honum röntgenmynd sem hefði sýnt honum að hann hefði aldrei brotnað. Þá hefði hún farið með hann til kírópraktors sem hefði farið vel yfir ástand líkama hans með honum og hefði brotaþola liðið betur á eftir. Móðirin kvaðst hafa merkt miklar breytingar á líðan brotaþola eftir að hann hafði sagt frá þessu. Eftir það hefði honum liðið eins og hann væri frjálst og hefði fengið lífið til baka.

Vinkona fyrri brotaþola, sem einnig er systurdóttir eiginkonu ákærða, bar að brotaþoli hefði sagt sér frá misnotkun ákærða. Hún kvaðst upphaflega hafa tilkynnt um misnotkunina til lögreglu fyrir 8 eða 9 árum þegar brotaþoli var 16 ára gömul. Þá kvað vinkonan brotaþola hafa sagt sér að ákærði hefði misnotað sig og hefði hann oft látið hana hafa við sig munnmök og eins haft samfarir við hana einu sinni og greitt henni fyrir 15.000 krónur. Vinkonan kvaðst og hafa tekið eftir að brotaþoli var í miklum samskiptum við ákærða og var með peninga sem hann hafði látið hana hafa. Eins hefði brotaþoli sagt sér að ákærði hefði misnotað stjúpson sinn og brotaþola í sama skipti. Ákærði hefði haft endaparmsmök við stjúpsoninn að henni viðstaddri. Þá hefði ákærði og tekið myndir af henni. Vinkonan kvað þær brotaþola vera nánar og hafi hún trúað henni fyrir þessu og hafi hún alls ekki mátt segja frá þessu. Eftir að hún tilkynnti þetta til lögreglu kvað hún brotaþola hafa verið mjög hrædda og ekki haft við sig samskipti í eitt og hálf ár. Málið hafi síðan verið tekið upp hjá lögreglu eftir að síðari brotaþoli kærði.

Vinkona framangreinds vitnis bar að hafa verið heima hjá vitninu þegar það hefði sagt sér að ákærði hefði misnotað brotaþola. Einnig að hann hefði misnotað fósturson sinn. Hún tók fram að vitnið hefði áður verið búíð að segja sér þetta, en í þetta skipti hefði verið ákveðið að tilkynna þetta til lögreglunnar. Vinkonan kvað vitnið hafa beðið sig um að segja brotaþola ekki frá tilkynningunni. Hún kvaðst hafa hringt í lögregluna og hefðu lögreglumenn komið og tekið af þeim nákvæmar skýrslur. Vinkonan kvað misnotkunina hafa falist í myndatökum og að ákærði hefði gert eitthvað við brotaþola og hefði vitnið útskýrt það fyrir lögreglumönnum. Vitnið kvaðst sjálft aldrei hafa rætt við brotaþola um þetta.

Persónulegur ráðgjafi síðari brotaþola sem starfar á vegum barnaverndaryfirvalda bar að brotaþoli hefði sagt sér frá því að hann hefði verið misnotaður kynferðislega. Þetta hafi verið nokkrum dögum fyrir 18 ára afmæli hans og hafi hún verið fyrsti maður sem hann sagði frá þessu. Hún kvað brotaþola hafa verið skjólstaðing sinn frá því hann var 14 ára. Hann hefði verið búinn að hringja í sig og segja sér að hann þyrfti að segja henni frá máli sem væri búíð að liggja á honum í mörg. Þau hefðu síðan hist og hann sagt sér frá því að ákærði hefði misnotað sig allt frá 5 ára aldri. Á unglingsaldri hefði ákærði farið að láta hann hafa pening sem brotaþoli hefði notað til að fjármagna fíkniefnaneyslu sína. Ráðgjafinn

kvað brotþola ekki hafa lýst því hvað ákærði gerði að öðru leyti en því að segja að hann hefði orðið fyrir kynferðislegri misnotkun. Hún kvað brotþola hafa verið niðurbrotinn og átt mjög erfitt með að segja frá þessu. Þá kvað brotþoli ákærða hafa tekið myndir af sér og stúlku sem tengdist fjölskyldu ákærða. Eins hefðu verið teknar myndir af elsta syni ákærða.

Ráðgjafinn kvað brotþola ekki hafa átt það til að ljúga. Hann væri jákvæður og brosmildur og alltaf komið hreint og beint fram. Hún kvað upphaf afskipta sinna af honum hafa verið að brotþola hefði liðið illa, hann hefði verið með búlemú og mætt illa í skóla. Barnaverndaryfirvöld hefðu hins vegar ekki haft afskipti af heimili hans. Hann var 14 ára þegar þetta var og taldi hún hann hafa verið byrjaðan að neyta kannabisefna. Þau hefðu farið nokkrum sinnum í viku í ræktina til að byggja hann upp líkamlega.

Varðandi samskiptin við ákærða kvað hún hann alltaf hafa verið góðan við brotþola og þannig unnið sér inn traust hjá honum. Brotþoli hefði alltaf talað vel um ákærða og sagt hann vera góðan mann. Hann kvaðst í fyrstu ekki hafa viljað kæra ákærða, en það hafi breyst eftir að hann hafði sagt móður sinni frá þessu. Ráðgjafinn kvaðst hafa verið í samskiptum við brotþola þar til hann var að verða 19 ára og hefði það verið vegna þessa máls. Hún kvað líðan brotþola hafa mikið breyst eftir að hann sagði frá þessu. Það var eins og þungu fargi væri af honum létt.

Sálfræðingur, sem kannaði síðari brotþola og ritaði framangreinda skýrslu, staðfesti hana. Sálfræðingurinn kvað brotþola hafa verið vísað til sín frá Neyðarmóttöku Landspítalans 11. nóvember 2010. Þar hefði hann skýrt frá kynferðislegri misnotkun sem hefði hafist þegar hann var 5 ára og ekki lokið fyrr en við 18 ára aldur. Sálfræðingurinn kvaðst hafa hitt brotþola og móður hans og í kjölfarið byrjað að vinna við greiningu á honum sem hafi tekið langan tíma og verið flókin. Hann hafi síðan farið í meðferð. Í ljós hafi komið að brotþoli á við fjölbættan geðvanda að stríða sem hefði krafist þess að sérfræðingar á ýmsum sviðum kæmu að málum hans. Í fyrstu kom í ljós mikill vímuefnavandi brotþola sem hann hefði reynt að takast á við áður. Eins hefði hann verið á geðdeild fyrir unglunga. Í upphafi hafi verið reynt að fá hann til að átta sig á vanda sínum og halda sér frá vímuefnum. Greiningu brotþola hafi lokið vorið 2011 og aðalniðurstaðan hafi verið sú að hann þjádast af áfallastreituröskun og fikniheilkennum af völdum kannabisefna auk áfengisneyslu. Þá hefði hann og verið greindur með líkamsskynjunarröskun sem lýsir sér í ranghugmyndum í skynjun hans á líkamanum. Honum hefði liðið illa í líkamanum og talið eitthvað vera að honum og tengt það kynlífi.

Varðandi málið, sem hér til umfjöllunar, kvað sálfræðingurinn brotþola hafa skýrt frá því að hann hefði verið tíður gestur á heimili æskuvinar síns. Mjög snemma hefði ákærði, faðir vinarins, byrjað að misnota sig. Þetta hefði byrjað með því að ákærði sýndi honum klámfengið efni og snerti hann. Smám saman hefði þetta þróast út í tilraunir til endaparmsmaka sem brotþoli hefði lýst sem mjög sárri og erfiðri reynslu. Brotþoli hefði lýst ótta sínum við að einhver kæmi að þeim, til dæmis eiginkona ákærða sem hefði verið í næsta herbergi. Þá hefði brotþoli lýst munnmökum sem hann veitti ákærða og ákærði veitti honum og svo endaparmssamförum. Í minningu brotþola gerðist þetta mjög oft en hann gat ekki gert nánari grein fyrir því hversu oft. Brotþoli hefði lýst því að honum hefði þótt mjög vænt um ákærða en væntumþykjan hefði þó verið blandin því sem tengdist

misnotkuninni. Misnotkunin hefði staðið mjög lengi en þó hefði verið hlé á unglingsárum þegar brotþoli var 12 eða 13 ára gamall. Síðan hefði regluleg misnotkun hafist aftur og staðið þar til hann varð 18 ára. Snemma hefði hann fengið greitt fyrir mökin og eins hefði hann fengið ýmislegt annað sem honum veittist ekki heima hjá sér, eins og að fara í bíó, í sund og út að borða. Brotþoli hefði verið eins og heima hjá sér á heimili ákærða og verið velkominn þar. Sálfræðingurinn kvað brotþola hafa sagt sér frá þessu smátt og smátt á meðferðartímanum og væru lýsingar hans trúverðugar og ekkert hefði komið fram sem benti til þess að eitthvað annað ætti þátt í vanlíðan hans og vandræðum. Hið sama hefði komið fram hjá honum þegar hann hafi verið hjá öðrum meðferðaraðilum.

Sálfræðingurinn kvaðst hafa greint brotþola með áfallstreituröskun og lýsti því hvernig einkenni brotþola kæmu heim og saman við einkenni streitunnar. Þá kvað sálfræðingurinn brotþola vera með athyglisbrest sem gæti stafað af áfallastreituröskuninni. Brotþoli hefði áður en mál þetta kom upp verið í meðferð og verið greindur en þá hefði aldrei allt komið í ljós, enda hefði hann þá ekki sagt frá misnotkuninni.

Sálfræðingur, sem kannaði fyrri brotþola og ritaði framangreinda skýrslu, staðfesti hana. Sálfræðingurinn kvað brotþola hafa leitað til sín vegna meints kynferðisbrots og hefði hún komið fjórum sinnum til sín. Brotþoli hefði sagt sér frá því kynferðislega ofbeldi sem hún taldi sig hafa orðið fyrir. Sálfræðingurinn kvað hana hafa skýrt frá sömu reynslu og aðrir þeir sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi og kvað frásögn hennar hafa verið trúverðuga. Fyrstu viðtölin hefðu verið vorið 2011 og svo hefði brotþoli komið aftur til sín í maí 2012 og sagt sögu sína aftur og hefði sér fundist saga hennar trúverðug og í samræmi við þá sögu sem hún hafði áður sagt. Afleiðingarnar fyrir brotþola séu mikill kvíði sem valdi því að hún sé óvinnufær. Taldi sálfræðingurinn öruggt að kvíðinn væri afleiðing af misnotkuninni enda kæmu tímasetningar heim og saman, það er hvenær meint misnotkun átti sér stað og hvenær hún byrjaði að finna fyrir kvíðanum. Sálfræðingurinn kvaðst ekki hafa sérstaklega leitað eftir öðrum orsökum hjá brotþola, enda hafi bara verið ætlunin að vinna með ætlaða kynferðislega misnotkun. Brotþoli hefði ætlað að þegja yfir þessu máli af hræðslu við að ganga í gegnum dómskerfið og eins til þess að valda ekki uppnámi í fjölskyldunni. Brotþoli kvað gerandann vera kvæntan móðursystur sinni og hefðu meint brot verið framin frá því hún var 12 til 14 eða 15 ára. Þá kvað sálfræðingurinn það vera alþekkt að fólk sem yrði fyrir misnotkun af hendi einhvers nákomins tryði því ekki að það endurtæki sig og þess vegna léti það meinta gerendur til dæmis gæta barna sinna. Það væri eins og fórnarlömbin lokuðu á þetta.

Heimilislæknir ákærða staðfesti vottorð sitt um að hann hefði orðið fyrir brunaáverkum 1983 og merki þess sæjust á lærum hans framanverðum og upp í hægri nára. Ákærði sé enn með litabreytingar á húð og sjáist þau með berum augum. Það sjáist greinilegur munur á eðlilegri húð og áverkamerkjunum. Læknirinn kvaðst hins vegar ekkert geta fullyrt um hvað aðrir sjái.

Lögreglufulltrúi, sem rannsakaði tölvu ákærða, staðfesti gögn varðandi hana og þar með að ekkert ólöglegt efni hefði fundist. Hins vegar hefðu fundist dulkóðuð svæði og eins hefði fundist geisladiskur með dulkóðuðum skráum. Þessi dulkóðunarkerfi væru mjög öflug og framleiðandinn segði að ekki væri hægt að brjóta þau upp. Tilraunir lögreglunnar til að brjóta kerfin upp hefðu ekki tekist. Eins

hefðu gögnin verið send til lögreglu á Norðurlöndum en þeim hefði heldur ekki tekist að brjóta þessar dulkóðanir upp. Það hafi því ekki verið hægt að skoða innihald þessara skráa. Ákærði hefði verið kvaddur til og hefði hann gefið upp lykilorð og hefði eitt þeirra gengið að tölvunni, en dulkóðaða svæðið hefði verið lokað eftir sem áður. Ákærði hefði sagst hafa gefið upp lykilorð og hefði þau öll verið prófuð án árangurs. Hið sama hefði átt við um allar mögulegar útgáfur af lykilorðum sem lögreglan hefði reynt.

Í skýrslu ákærða hér að framan var þess getið að hann taldi sig geta opnað lokað svæði á harða disknum í tölvu sinni og á geisladiski. Í því skyni kom hann á lögreglustöð og reyndi að opna svæðin ásamt lögreglumanni og sérfræðingi lögreglunnar. Þeir unnu skýrslu þar sem fram kemur að tekist hafi að opna svæði á harða disknum en ekki á geisladisknum. Engar myndir hefðu fundist. Þeir komu fyrir dóm og staðfestu skýrslu um það.

#### IV

Ákærði hefur alfarið neitað að hafa brotið gegn brotapolum. Hér verður fyrst komist að niðurstöðu um það sem honum er gefið að sök í I. kafla ákæru og síðan fjallað á sama hátt um II. kafla hennar.

Brotapoli bar að hún hafi verið 12 ára þegar ákærði hafi fyrst misnotað sig og var framburður hennar um það rakinn í kaflanum hér að framan. Hún varð 12 ára árið 1998 og bar ákærði að hann hefði þá fyrst kynnst henni er hann hefði fengið hana til að gæta sonar síns í veikindum eiginkonu sinnar. Brotapoli, sem er systurdóttir eiginkonu ákærða, kannaðist ekki við að hafa gætt sonarins og fær það stuðning í framburði móður hennar. Sonur ákærða kvað brotapola hins vegar hafa gætt sín og á sama hátt bar stjúpsonur hans. Brotapoli bar að ákærði hefði alltaf greitt sér fyrir þegar hann hafði mök við hana eins og rakið var. Ákærði hefur hins vegar borið að hann hafi greitt henni fyrir að gæta sonarins. Þá hefði hann lánað henni fé eftir að hún byrjaði með barnsföður sínum og eins hefði hann lánað þeim báðum fé og ábyrgst lán fyrir þau. Fyrrum sambýlismaður brotapola, sem bjó með henni frá 2002 til 2009, bar að sér hefði þótt undarlegt hvað hún átti greiðan aðgang að ákærða og þar með að fá peninga hjá honum þegar henni hentaði. Hann bar einnig að brotapoli hefði sagt sér frá kynferðislegri áreitni sem hún hefði orðið fyrir þegar hún var 12 til 14 ára en hún hefði helst viljað gleyma því. Þá bar frænka brotapola, þær eru systradætur, að hún hefði sagt sér frá misnotkun ákærða. Hann hefði látið hana hafa munnmök við sig og haft við hana samfarir einu sinni. Hann hefði greitt henni fyrir mökin. Frænkan bar að brotapoli hefði verið í miklum samskiptum við ákærða og fengið fé frá honum. Frænkan sagði vinkonu sinni frá misnotkuninni og greiðslunum þegar brotapoli var 16 ára. Þær tilkynntu um þetta til lögreglu sem skráði tilkynninguna hjá sér, en ekki mun hafa verið talið tilefni til rannsóknar. Gögn málsins sýna að þetta var í ágúst 2003. Í II. kafla hér að framan var rakið vottorð sálfræðings sem brotapoli leitaði til og í III. kafla framburður sálfræðingsins fyrir dómi. Eins og þar kemur fram var það niðurstaða sálfræðingsins að brotapoli hefði verið trúverðug og einkenni hennar bæru þess merki að hún hefði orðið fyrir kynferðislegri misnotkun.

Það er mat dómsins að brotþoli hafi gefið trúverðuga skýrslu við aðalmeðferð málsins. Var greinilegt að það reyndi mikið á hana að koma fyrir dóm en þrátt fyrir það var skýrsla hennar hiklaus og hún svaraði greiðlega öllum spurningum. Reyndar bar hún að ákærði hefði misnotað sig í mun fleiri skipti en ákært er fyrir. Þá bar hún í meginatriðum á sama hátt og hún hafði gert hjá lögreglu. Framburður brotþola fær stuðning í vottorði og skýrslu sálfræðingsins. Þá ber og að nefna að hún hafði skýrt frænku sinni frá misnotkuninni og eins hafði hún tæpt á henni við sambýlismann sinn. Hins vegar er líka á það að líta að móðir brotþola varð ekki vör við breytingar eða vanlíðan í fari hennar á þeim tíma sem ætluð misnotkun átti sér stað. Stjúpi hennar kvaðst hafa talið breytingar, sem urðu á brotþola á unglingsárunum, vera þroskabreytingar og eins hefði hún verið að neyta efna á þessum tíma.

Á hinn bóginn er til þess að líta að ákærði var ekki ótrúverðugur í framburði sínum fyrir dómi. Þá hafa sonur hans og stjúpsonur borið á sama hátt og hann um einstök atvik eins og rakið var. Við mat á framburði þeirra verður þó að líta til tengsla þeirra við ákærða. Hér fyrr var um það getið að ákærði ber merki á líkama sínum eftir brunasár sem hann fékk 1983. Hvorugur brotþola kannaðist við að hafa séð þessi merki á líkama hans. Fyrir dóminn voru lagðar ljósmyndir í lit af ákærða og má þar greina óveruleg merki um litabreytingu á húð. Læknir ákærða bar að merkin sæjust með berum augum. Að mati dómsins dregur það ekki úr trúverðugleika brotþola þótt hún hafi ekki séð þessi merki. Meðan á þessu stóð hefur athygli barnsins beinst að öðru en taka eftir smávægilegri missmíð á líkama ákærða. Þá þykir það heldur ekki draga úr trúverðugleika hennar að hún vildi ekki kæra ákærða í upphafi. Hún gaf þá skýringu að hún hefði ekki viljað gera móðursystur sinni það, en hún er eiginkona ákærða. Þegar allt framangreint er virt í heild sinni er það niðurstaða dómsins að leggja til grundvallar úrlausn málsins trúverðuga skýrslu brotþola sem studd er framangreindum gögnum. Samkvæmt þessu verður ákærði sakfelldur fyrir það sem honum er gefið að sök í I. kafla ákærunnar, nema að hafa tekið kynferðislegar myndir af brotþola. Gegn neitun ákærða hafa ekki verið færðar sönnur á að hann hafi gert það, en engar myndir hafa fundist eins og rakið var. Þá er framburður beggja brotþola um myndatökurnar ekki nægjanlega skýr til að sakfelling verði reist á honum. Brot ákærða eru rétt færð til refsíákvæða í ákærunni.

Hér að framan var rakinn framburður brotþola, sem greindur er í II. kafla ákæru, og móður hans, ákærða og sonar hans og annarra um samskipti ákærða og brotþola allt frá því hann og sonurinn kynntust við upphaf skólagöngu þeirra. Framburður þessi er allur á eina lund um að brotþoli hafi allt frá þessum tíma og fram til þess að hann var að verða 18 ára verið sem heimangangur á heimili ákærða. Þá kom og fram að úr samskiptum brotþola og sonar ákærða hafi dregið á unglingsárunum en brotþoli hafi, þrátt fyrir það, haldið áfram að eiga mikil samskipti við ákærða.

Við aðalmeðferð gaf brotþoli skýrslu og var greinilegt að mati dómsins að skýrslutakan reyndi verulega á hann. Þá var og ljóst að þegar hann var að rifja upp elstu minningar sínar um ætlaða misnotkun ákærða voru þær ekki svo ljósar sem skyldi, enda vart von á öðru um minningar úr bernsku. Verður fjallað nánar um þetta atriði hér á eftir. Að mati dómsins var skýrsla ákærða trúverðug og var greinilegt að hann lagði sig fram um að segja ekki meira en hann gat staðið við og

útskýra hvers vegna hann gat ekki verið nákvæmari um sum atriði eins og nákvæmlega hvenær ætluð misnotkun átti sér stað. Í II. kafla var rakin skýrsla sálfræðings sem hefur haft brotþola til meðferðar. Samkvæmt skýrslunni og framburði sálfræðingsins fyrir dómi ber brotþoli öll einkenni þess að hafa verið misnotaður kynferðislega og taldi hún brotþola segja satt og rétt frá um misnotkunina. Þá var hér að framan rakinn framburður ráðgjafa brotþola og móður hans og styðja skýrslur þeirra framburð brotþola. Með vísun til þess, sem sagði hér að framan um brunamerkin á líkama ákærða, telur dómurinn það ekki draga úr trúverðugleika síðari brotþola þótt hann hafi ekki séð þau. Loks er til þess að líta að margt er líkt í samskiptamynstri ákærða og beggja brotþola. Hann neytir ekki aðeins yfirburðastöðu aldurs og reynslu heldur gefur þeim peninga og sinnir þeim á margvíslegan hátt eins og rakið var.

Eins og sagði í umfjöllun um fyrri kafla ákæru var skýrsla ákærða við aðalmeðferð ekki ótrúverðug að öðru leyti en því að ekki fékkst trúverðug skýring á hinum miklu samskiptum hans við brotþola eftir að hann komst á unglingsár og úr samskiptum brotþola og sonar ákærða dró.

Þegar allt framangreint er virt í heild sinni er það niðurstaða dómsins varðandi II. kafla ákæru að leggja til grundvallar úrlausn málsins trúverðuga skýrslu brotþola sem studd er framangreindum gögnum. Samkvæmt þessu telur dómurinn sannað að ákærði hafi gerst sekur um kynferðisbrot gagnvart brotþola eins og honum er gefið að sök, nema að hafa tekið kynferðislegar myndir af honum. Gegn neitun ákærða hafa ekki verið færðar sönnur á að hann hafi gert það, en engar myndir hafa fundist eins og rakið var. Þá er framburður beggja brotþola um myndatökurnar ekki nægjanlega skýr til að sakfelling verði reist á honum. Þá verður heldur ekki fallist á það með ákæruvaldinu að ákærða hafi verið trúað fyrir brotþola, en engin gögn hafa verið færð fram til stuðnings því ákæruatriði.

Brotþoli bar, eins og rakið var, að hann hefði farið að gista á heimili ákærða þegar hann var 5 eða 6 ára gamall og hefði misnotkunin hafist þá. Er á því byggt í ákæru að misnotkun ákærða hafi hafist er brotþoli var 5 til 7 ára gamall. Ákærði kvaðst hins vegar fyrst hafa kynnst brotþola 1999 og kvaðst muna það í tengslum við andlát bróður síns seint á því ári. Sonur ákærða bar að hann og brotþoli hefðu kynnst 1998 þegar þeir hófu skólagöngu. Brotþoli varð 6 ára í byrjun október 1998. Vafann um upphaf misnotkunarinnar verður að skýra ákærða í hag, sbr. 108. gr. laga nr. 88/2008 og verður á því byggt að hún hafi hafist haustið 1999 þegar brotþoli var 7 ára og ákærði bar að muna fyrst eftir honum. Brotþoli bar enn fremur að hlé hefði orðið á misnotkuninni frá því að hann varð 10 ára og þar til hann varð 14 ára, en þá hefði hún hafist aftur og staðið þar til hann varð 18 ára og málið komst upp, eins og rakið var. Brotþoli var að vísu ekki viss um hvort hléið hefði hafist þegar hann var 10 ára eða 11 eða 12 ára og sem fyrr verður þessi vafi skýrður ákærða í hag. Dómurinn byggir því á því að ákærði hafi misnotað brotþola kynferðislega frá því hann var 7 ára og til 10 ára aldurs og aftur frá því að hann var 14 ára og til 18 ára aldurs. Brot ákærða eru rétt færð til refsíákvæða í ákærunni nema hvað hann verður sýknaður af því að hafa brotið gegn 1. mgr. 201. gr. almennra hegningarlaga með vísun til þess sem að framan sagði um að ósannað væri að ákærða hefði verið trúað fyrir brotþola.

Ákærða hefur ekki áður verið refsað. Hann hefur nú verið sakfelldur fyrir alvarleg kynferðisbrot gegn tveimur börnum sem stóðu yfir í langan tíma eins og

rakið var. Samkvæmt gögnum málsins, sem rakin hafa verið, hafa brot ákærða haft alvarlegar afleiðingar á líf brotapolanna. Refsing ákærða verður ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og er hún hæfileg 7 ára fangelsi. Til frádráttar skal koma gæsluvarðhaldsvist hans eins og í dómsorði segir.

Samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og með hliðsjón af þeim gögnum sem liggja fyrir um afleiðingar brotsins fyrir andlega hagi brotþola verða þeim dæmdar miskabætur. Fyrri brotþoli krefst 1.600.000 króna og er þeirri kröfu í hóf stillt og verður orðið við henni. Síðari brotþoli krefst 4.500.000 króna og eru bætur til hans hæfilega ákveðnar 3.000.000 króna. Bæturnar skulu bera vexti eins og í dómsorði segir. Það athugast að ekki verður séð að ákærða hafi verið birtar bótakröfurnar fyrr en við þingfestingu málsins og miðast upphafstími dráttarvaxta við þann dag er liðnir voru 30 dagar frá þeim degi.

Við aðalmeðferð málsins var ákærða vikið úr dómsal meðan brotþolar gáfu skýrslu. Í þingbók var bókað af því tilefni: „Ákærði viku úr dómsal kl. 10.18, en fylgist með þinghaldinu og getur heyrt það sem fram fer. Hann situr fyrir framan hurð sem er opin í hálfa gátt. Ákærði getur ekki séð vitnin og þau ekki hann.“ Eftir að málflytjendur og dómarrar höfðu lokið við að spyrja fyrri brotþola fór verjandi ákærða til hans og hafði tal af honum. Sami háttur var hafður á eftir að síðari brotþoli hafði verið yfirheyrður. Lokið var við að taka skýrslur af ákærða og brotþolum fyrir hádegi. Eftir hádegishlé lagði verjandi ákærða fram bókun þar sem fram kemur að ákærði „geri athugasemdir við þá aðstöðu eða aðstöðuleysi sem honum var boðið upp á á ganginum við dómaraþerbergið (svo) í Héraðsdómi Reykjavíkur, en það hafi orðið til þess að hann heyrði ekki og gat ekki hlustað nægilega vel á vitnin, .... , er þau gáfu skýrslu fyrir dómi. Á ganginum hafi verið umgangur, hávaði úr vatnsvél, hurðaskellir og skvaldur úr næstu herbergjum, sem gerði það að verkum að hann heyrði ekki nægilega vel. Þessum aðbúnaði og aðstöðuleysi til að hlusta á vitnaleiðslur vilji hann mótmæla sem óviðunandi.“ Þrátt fyrir þessa bókun barst engin krafa um að vitnin kæmu aftur fyrir dóm til að ákærði gæti látið spyrja þau frekar, en það skal áréttað að verjandi ákærða hafði tal af honum í lok yfirheyrslu yfir brotþolum og spurði þá frekari spurninga eftir að hafa rætt við ákærða. Þá kom fyrri brotþoli aftur fyrir dóm áður en málið var flutt og hafði verjandinn á sama hátt tal af ákærða áður en yfirheyrslu yfir henni lauk.

Loks verður ákærði dæmdur til að greiða sakarkostnað, málsvarnarlaun verjanda síns og þóknun réttargæslumanna brotþola að meðtöldum virðisaukaskatti eins og nánar greinir í dómsorði.

Dóminn kváðu upp héraðsdómarráðgjafarnir Arngrímur Ísberg, dómsformaður, Ásgeir Magnússon og Kristjana Jónsdóttir.

## **D Ó M S O R Ð :**

Ákærði, M, sæti fangelsi í 7 ár, en til frádráttar skal koma gæsluvarðhaldsvist hans frá 16. nóvember 2010 til 25. nóvember 2010.

Ákærði greiði A 1.600.000 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 1. janúar 2001 til 8. júní 2012 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði B 3.000.000 króna með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 1. nóvember 2010 til 8. júní 2012 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði 487.399 krónur í sakarkostnað, málsvarnarlaun verjanda síns, Magnúsar Björns Brynjólfssonar hrl., 552.200 krónur og þóknun réttargæslumanna brotaþola, Margrétar Gunnlaugsdóttur hrl., 304.337 krónur og Þórdísar Bjarnadóttur hrl. 304.337 krónur.

Arngrímur Ísberg

Ásgeir Magnússon

Kristjana Jónsdóttir